



Alþýðusamband Íslands

Tillaga að ályktun 41. þings ASÍ um uppbyggingu kaupmáttar til framtíðar

Í komandi kjarasamningum stöndum við frammi fyrir fjölmögum áskorunum. Við höfum lengi búið við veikan og óstöðugan gjaldmiðil, meiri og þrálátari verðbólgu en nágrannalöndin. Launamunur kynjanna er enn óásættanlegur og okkur hefur ekki tekist að halda í við félaga okkar á hinum Norðurlöndunum í uppbyggingu kaupmáttar.

Við ásamt öðrum heildarsamtökum á vinnumarkaði og stærstu samtökum atvinnurekenda, ræddum síðasta veturn um möguleikann á að leggja grunn að sambærilegri kjarar- og efnahagsþróun og er á hinum Norðurlöndunum. Þar sem áherslan er lögð á gengis- og verðstöðugleika og uppbyggingu kaupmáttar í hægum en öruggum skrefum til lengri tíma án þess að veikja samkeppnisstöðu útflutningsatvinnugreinanna. Til þess að ná þeim markmiðum þurfti traust milli verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og ríkisstjórnar, breiða sátt um launastefnu og trúverðuga efnahagsstefnu. Þegar á reyndi voru þessar forsendur ekki til staðar.

Að loknum kjarasamningum um síðustu áramót tóku stjórnvöld og atvinnurekendur upp nýja launastefnu gagnvart mörgum hópum. Sú nýja launastefna fól í sér allt aðrar og meiri launahækkanir en áður hafði verið samið um. Þessi staðreynd hefur kallað á sterkt viðbrögð og kröfur um að þessi munur verði jafnaður áður en lengra verður haldið á þessari braut.

Áherslur ASÍ:

- Að skapa breiða sátt og samstöðu um uppbyggingu kaupmáttar til lengri tíma
- Að lagður verði traustur grunnur að efnahagslegum stöðugleika þannig að hægt verði að byggja upp aukinn kaupmátt
- Að mótuð verði skýr stefna til langs tíma um framtíðar gjaldmiðil þjóðarinnar þar sem áherslan verður lögð á stöðugt gengi
- Að lækka vexti og draga úr vægi verðtryggingar á neytenda- og húsnæðislánum
- Að sá kaupmáttur sem samið er um í kjarasamningum verði varinn t.d. með rauðum strikum
- Að hækka lægstu laun sérstaklega
- Að persónuafsláttur verði hækkaður með það að markmiði að auka ráðstöfunartekjur launafólks